

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Nýtt deiliskipulag. Dagverðardalur, Skutulsfirði.

Markmið deiliskipulagsins er að byggja upp vistvænt samfélag á svæði F21 í Dagverðardal, með því að koma til móts við eftirspurn ferðamanna á gistingumöguleikum, auka framboð og breidd gistingumöguleika með útleigu húsa til ferðamanna, einnig með langtímaleigu til stéttarféлага/félagasamtaka og bjóða upp á frístundalóðir fyrir einkaaðila.

Á landinu verður byggður upp vistvænn sælureitur með tengingu við þá náttúru, menningu og afþreyingu sem svæðið hefur upp á að bjóða. Áætlað er að byggja 39 frístundahús ýmist til útleigu eða sölu. Gert er ráð fyrir þjónustuhúsi miðja vega svæðisins syðst í byggðinni.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 25. október 2024.

Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.